

**Samkomulag**  
**fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**og**  
**Bandalags starfsmanna ríkis og bæja**  
**undirritað 27. mars 2014**

**Forsendur samkomulags**

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Viðræður um endurnýjun næstu kjarasamninga hefjist strax við gildistöku þessa samnings. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem fylgir þessu samkomulagi og í samræmi við sameiginlegar forsendur og markmið aðila vinnumarkaðarins.

**Launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði**

Aðilar eru sammála um að farið verði í að þróa aðferðarfræði við að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Slík vinna er fyrirhuguð, m.a. í tengslum við endurskoðun lífeyrismála og munu aðilar beita sér fyrir því að hún verði unnin eins faglega og hagkvæmt og kostur er.

Þegar niðurstöður slíkrar vinnu liggja fyrir munu aðilar taka til umfjöllunar sín á milli hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að nýta þá aðferðarfræði, annars vegar til að draga úr launamun þar sem hann er fyrir hendi og hins vegar með hvaða hætti samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði verði metið svo launaþróun milli markaða haldist í hendur.

**Málefni vaktavinnufólks**

Breytingar á gr. 2.6.2

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00

